

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. nóvember 2002

um sýnatöku- og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á tilvist lindýrasjúkdómanna bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og marteilíósis (*Marteilia refringens*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 4327)

(Texti sem varðar EES)

(2002/878/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

3) Ákvörðun 94/306/EB skal því felld úr gildi og þessi ákvörðun koma í hennar stað.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

4) Veita skal nægan tíma til framkvæmdar þessum nýju kröfum.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 15. gr.,

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. gr.

1) Með tilliti til framfara í vísindum, fenginnar reynslu og alþjóðlegra viðmiðunarreglna er nauðsynlegt að uppfæra þær áætlanir og aðferðir sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/306/EB frá 16. maí 1994 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota til að greina og staðfesta tiltekna sjúkdóma hjá lindýrum ⁽³⁾.

Í viðaukanum er mælt fyrir um sýnatöku- og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og marteilíósis (*Marteilia refringens*) í lindýrum þegar dánartíðni er afbrigðileg og við viðurkenningu á því að svæði og eldisstöðvar séu laus við sjúkdóma.

2. gr.

2) Sérfræðingar hafa orðið ásáttir um að rétt sé að nota þær sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem mælt er fyrir um í gildandi útgáfu greiningarhandbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizootics (OIE)) um sjúkdóma í lagardýrum að því er varðar bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og marteilíósis (*Marteilia refringens*) og að því er varðar afbrigðilega dánartíðni. Þar af leiðandi skal sýnataka og greining þessara sjúkdóma í tengslum við viðurkenningu svæða og eldisstöðva og til rannsókna á stofnum, þar sem dánartíðni er afbrigðileg, vera í samræmi við þriðju útgáfu þessarar handbókar frá árinu 2000.

Ákvörðun 94/306/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 133, 28.5.1994, bls. 51.

Þessi ákvörðun gildir frá 6. janúar 2003.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—————

VIÐAUKI

Sýnatöku- og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og marteilíósis (*Marteilia refringens*)

Sýnatöku- og greiningaraðferðir, sem á að nota, þ.m.t. tæknibeiting, rannsóknaraðferðir og æti, stöðlun þeirra og túlkun niðurstaðna, við greiningu og staðfestingu á bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og marteilíósis (*Marteilia refringens*) í lindýrum þegar dánartíðni er afbrigðileg og við viðurkenningu á því að svæði og eldisstöðvar séu laus við sjúkdóma, verða að vera í samræmi við aðferðir sem eru tilgreindar í greiningarhandbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizootics (OIE)) um sjúkdóma í lagardýrum, þriðju útgáfu frá árinu 2000, 3. hluta um lindýrasjúkdóma: Kafli I.2 (Almennar upplýsingar), kafli 3.1.1 (bónamíósis) og kafli 3.1.3 (marteilíósis).

—————